

Blindi tónsnillingurinn

Vladímír Galaktiónouítsj
Korolenko



Blindi tónsnillingurinn

Vladímír Galaktiónouítsj
Korolenko



 SAGA
EGMONT

Vladimir Korolenko

Blindi tónsnillingurinn

SAGA Egmont

Blindi tónsnillingurinn

Translated by Guðmundur Guðmundsson

Original title: *Слепой музыкант*

Original language: Russian

Persónurnar og notkun á tungumáli í verkinu endurspeгла ekki skoðanir útgefandans. Verkið er gefið út sem sögulegt skjal sem inniheldur lýsingar á tíðaranda og skynjun manna sem tíðkaðist á tímum skrifanna.

Cover image: Shutterstock

Copyright © 1886, 2021 SAGA Egmont

All rights reserved

ISBN: 9788726862461

1st ebook edition

Format: EPUB 3.0

No part of this publication may be reproduced, stored in a retrieval system, or transmitted, in any form or by any means without the prior written permission of the publisher, nor, be otherwise circulated in any form of binding or cover other than in which it is published and without a similar condition being imposed on the subsequent purchaser.

This work is republished as a historical document. It contains contemporary use of language.

www.sagaegmont.com

Saga Egmont - a part of Egmont, www.egmont.com

I.

Barnið var af góðum, auðugum ættum í Suður-Rússlandi.

Það fæddist um miðnætti. Unga móðirin lá þreytt og örmagna í rúminu, en hún rumskaði og sneri sjer við, þegar hún heyrði fyrstu, lágu grátkeinin drengsins sins. Hún muðlaði eitthvað óljóst fyrir munni sjer og óþreyju brá fyrir í veiklukipringnum á hálfbarnslega andlitinu hennar.

Ljós móðirin laut niður að henni og sjúka konan hvíslaði lágt:

»Hversvegna er hann fæddur svona?« Ljós móðirin vissi ekki hvað hún átti via.

Barnið fór aptur að vola.

Sárbitur sorg skein út úr svip ungu konunnar og brennheit tár brutust út um lukta hvarmana.

»Hversvegna er hann fæddur með þessum ósköpum?« sagði hún aptur. í hljóði.

Nú þóttist Ljós móðirin vita, via hvað hún ætti og svaraði stillilega:

»kjer eigið via hversvegna barnið grætur? Takið yður hað ekki nærri: nýfædd börn gráta alltaf!«

En það gat ekki sefað ungu móðurina að öllu og hún kipptist við í hvert sinn, er hún heyrði til barnsins. Hún stagaðist alltaf á hví sama:

»Hversvegna er hann fæddur svona?«

Ljós móðirinni fannst ekkert óvenjulegt eða athugavert við barnsgrátinn, og hún hjelt, að sængurkonan hefði sóttveiki og óráð. Hún fór frá rúminu og reyndi að hagræða drengnum.

Unga konan virtist verða rólegri. En kvalasvipurinn hvarf ekki af andlitinu og höfug tárin hrundu látlaust í stórum dropum af hvörmunum og runnu niður fölu vangana.

Veslings móðirin hefur ef til vill rennt grun í, að samtímis barninu hennar var sár sorg fædd í heiminn, – sorg, sem myndi fylgja barninu frá vöggunni til grafarinnar!

Ef til vildi gizkaði ljósmóðirin rjett á, að sóttin og óróðið hefði glapið henni sjúkri sýr;. En eitt var hún sannfærð um: barnið var blint.

Móðirin varð fyrst allra vör við undarlega svipblæinn í andliti drengsins. Hún horfði angurvær á önnur börn og andvarpaði:

»Hversvegna er hann ekki einsog hau?«

»Hvað segið kjer?« spurðu menn gálaust. »Hann er ekki vitund öðruvísi en öll önnur börn á hans aldri!«

»En sjáið 1·)ið ekki hvernig hann fálmar undarlega tit í loptið? Hversvegna starir hann svo kynlega alltaf í sömu áttina? – Æ, – hann er sjálfsagt blindur!« stundi veslings móðirin, kvalin af hessum óttalega grun.

Hún ljet ótta sinn í ljós við lækninn. Hann tók barnið í fang sjer, sneri hví gegn birtunni og skoðaði augu less með athygli. lað var auðsjeð að honum brá. Hann ljet drenginn á gólfið, kvaddi og hjet að korna aptur síðdegis.

Móðirin grjet hugstola og hrýsti blinda barninu að brjósti sjer, en augu drengsins störfu og störfu í sífellu, svipvana og kynleg út í bláinn.

Læknirinn kom eins og hann lofaði og nafði hjá sjer augnaskuggsjá. Hann kveikti ljós, færði hað fjær og riær augum barnsins, meðan hann skoðaði hau f skuggsjánni. legar rannsókninni var lokið, sagði hann dapur í bragði:

»Frú! lví miður hefur yður ekki skjátlást: drengurinn er steinblindur. – Og jeg held naumast að hann fái nokkurntíma sjónina.«

Aumingja unga móðirin hlustaði á orð læknisins með frábærft'stillingu.-

»Mig hefur lengi grunað hað!« sagði hún og štundi via.

Maxim frcendr – svo var hann alltaf kallaður daglegu tali – var móðurbróðir blinda drengsins og Atti heima á sama heimili.

Faðir drengsins var mylnusmiður. Honum veitti ekki af tímanum til að Nafa gætur á verkafólki sínu, svo áhrif hans á uppeldi drengsins urðu sárlítil. En öðru máli var að gegna um Maxim frænda, enda var hann ólíkur föður drengsins í lund.

Fyrir tíu árum var Maxim alræmdur hvervetna fyrir ruddaskap og skort á háttprýði. Enginn sem þekkti frú *Poppeljski* (fædd *Jazenka*) gat hugsað sjer, að svo göfug kona ætti jafn ósanngjarnan bróður. Og [ma bar öllum stórbændunum saman um, að Maxím væri ósanngjarn og illur viðfangs. Via hann varð engu tauti komið. Hann svaraði alpeirra með illvígum hrottaskap. En aptur á móti ljet hann ekki leiguliðana gjalda ruddaskapar og þrákelkni þeirra, sem jafnvel beztu húsbændur mundu hafa lumbrað á þeim fyrir.

Pessvegna var stórbændunum öllum gleðiefni mikið, þegar Maxim var orðinn leiður á *Rússlandi* og fór til *Ítalíu*, – gekk í flokk með *Garibaldi* og þeir lásu einn góðan veðurdag nokkrum árum síðar rússnesku sveitablaai, að Maxim hefði fallið í orustu via Austurríkismenn. En það sást brátt, að hetta var kviksaga. Sverð Austurríkismanna gátu ekki klofið hylkið utan af einrænu sálinni hans Maxims. Hún varð nú vera þar sem hún var komin; þó að íbúð hennar væri dálítið af göflum gengin. Fjelagar hans báru hann úr bardaganum., og síðan var hann fluttur í sjúkrahúsið. Og svo kom Maxím allt í einu aptur fram á sjónarsviðið og settist að hjá systur linni fyrir fullt og allt.

Maxím hætti nú að hugsa um hernað og vigaferli. Hægri fótinn hafði hann misst, svo hann varð að ganga við hækju. og vinstri höndin var svo lömuð, að hann gat aðeins notað hana til að styðja sig via stafinn sinn. Nú var hann orðinn alvörugefinn og stu skapsmunirnir sefaðir. En þó voru svörin hans hárbeitt og hvöss, eins og hjörinn hans var forðum.

Degar litli drengurinn fæddist, var hárstriið á Maxim frænda farið að grána. Hækjugangurinn var farinn að skekkja á honum axlirnar og allur var hann hálft í hvoru af göflunum genginn. Peim sem ekki þekktu hann, stóð líka einhver stuggur af honum, þegar hann hleypti hörkulegu brúnunum, barði hækjunum í gólfið og huldi sig í reykjarsvælu, því pípuna tók hann nærri aldrei út úr sjer. En þeir einir vissu það, sem hektu hann bezt, að í limlestum likarna hans sló gott hjarta, og að djúpar, dáðríkar hugsanir áttu heima í stóra, ófrynilega heilabúinu hans.

Þó gátu jafnvel þeir, sem þekktu hann, ekki gizkað á, yfir hverju hann byggir einmitt f seinri daga. Þeir sáu bara, að Maxim sat tímunum saman grafkyrr, hugsandi og hleypti brúnum og reykti i jötunmóði úr pípunni sinni, sem hann gat aldrei An verið.

Maxim frændi var að hugsa um lífið, – hann vissi að það er stríð, og vígvöllur þess er ekki vanburða mönnum hentur. Honum fannst hann sjálfur vera riddari, sem kastað vari úr söðli í stríði lífsins. Var það nú ekki þrekleysi að halda gram að skríða eins og ormur í duptinu eða að halda dauðahaldi f söðul sigurvegarans og grátbæna hann um að gefa sjer ónýt slitrin af liti sjálfs síns? hegar Maxim frændi var að velta þessu fyrir sjer með karlmannlegri geðró, datt honum ósjálfrátt í hug litli, blindi drengurinn, sem var vanburða fæddur.

Fyrst í stað ljet hann sig barnið litlu skipta, en smátt og smátt grófu bau dýpra og dýpra um sig, sorglegu örlögin barnsins, sem voru svo lík örlögum hans sjálfs.

»O jæ-ja!« nöldraði hann, »strákgreyið er líka vanburða! Bara að hann fengi sjónina mína eða að eg hefði fjörið hans í fótunum, þá gæti þó að minnsta kosti orðið einn maður heill úr okkur báðum.«

Eptir hetta starði hann optar og optar á barnið, hljóður og hugsí.

Drengurinn var fæddur blindur! Hver gat kennt sjer um ógæfu hans? Enginn! Paula var hvorki um neina sök að ræða nje illan hug. Orsök ógæfunnar lá falin í dulardjúpi lífsins.

En hvað móðirin tók sjer það nærri, þegar hún horfði á blinda barnið sitt! Henni rann ekki aðeins til rifja að hugsa um döpru framtíðina, sem litli drengurinn hennar Atti í vændum; – hana tók það enn sárar, að hún hjelt að skeð gæti, að foreldrarnir ættu einhverja sök í ógæfu barnsins.

Samtó varð þetta barn með fallegu, þöglu augun átrúnaðargoð heimilisfólksins – og jafnframt harðstjóri á heimilinu. liver veit, hvað orðið hefði úr þessum dreng, Par sem samvistamenn hans reyndu á alla vegu að gla hjá honum sjálfsselsku, ef forlögin og sverð Austurríkismanna hefðu ekki komið því svo fyrir, að Maxim frændi settist að hjá systur sinni?

Maxím frænda hafði lengi þótt aðferðin við uppeldi drengsins varhugaverð, og hann rjeð af að benda systur sinni á gallana.

»Strákhnokkinn sí arna,« sagði hann og tottaði pípuna sína í ákefð, »verður enn ógæfusamari en jafnvel jeg sjálfur. Honum hefði verið betra, að hafa aldrei fæðst!«

Unga konan varð niðurlút og tárfelldi í kjöltu sína.

»hað er illa gert af þjer, Maxím, að minna mig á þetta,« sagði hún lágt, »einkum þar sem þú veizt, að úr þessu verður ekki bætt.«

»Jeg segi bara mitt álit,« svaraði Maxím. »Líttu á mig! Mig vantar annan fótinn og annar handleggurinn er mjer gagnslaus, en augun hef jeg þó hjá mjer. En drengurinn þarna er sjónlaus og getur því þegar fram líða stundir hvorki notað hendur, fætur eða viljaprek.«

»Hversvegna ekki?«

»Þú mitt ekki misskilja mig!« sagði Maxim í þýðari róm. »'ví fer fjarri, að eg vildi hryggja þig, ef jeg gæti hjá því komist. – Taugakerfi drengsins er mjög næmt og hann hefur áreiðanlega þroskahæfi fyrir marga eiginleika, sem að meiru eða minna leyti geta bætt úr blindu hans, Degar stundir líða fram. En til Dess að þessir hæfileikar geti þróast, verður að venja hann og það verður aðeins gert með aga. En í stað Dess eyðileggur þú hann gersamlega með því að láta hann ekkert starfa. Með þeirri aðferð getur þú eyðilagt 611 skilyrði Dess, að hann verði sjálfstæður.«

Anna Michailowna var skynsöm kona og kunni að bafa taumhald á sjer. Hún hætti að láta ístöðuleysið og óttann korna sjer til Dess að þjóta upp, hvað lítið sem drengurinn volaði. Hann var nú frekar látinn sjá um sig sjálfur, og nokkrum mánuðum eptir samtal þeirra Önnu og Maxims gat hann skriðið hjálparlaust um stofuna og hlustaði hann þá með athygli mikilli eptir hverju hljóði, hversu veikt sem það var. Hann þreifaði líka á hverjum klut, sein litlu fingurnir hans náðu f, með þeirri gaumgæfni, sem annars er ekki venjuleg hjá börnum.

Hann komst snemma á lagið með að þekkja móður sína á fótataki hennar, skráfinu í kjólnum hennar og fleiru sínávægi, sem hann gat skilið, en aðrir hefðu ekki gefið sjerstakan gaum. Hann gat hiklaust stefnt rակleitt þangað,

sem móðir hans sat, hvað margir sem voru í stofunni og hversu oft sem þeir höfðu sætaskipti. Hann vissi undireins, að hann var hjá henni, Degar hún svo forviða tók hann í fang sjer. Ef einhver annar tók hann upp, þuklaði hann um andlit hans með litlu höndunum, og þannig lærði hann smátt og smátt að þekkja sundur fóstru sína, Maxím frænda og föður sinn. En bæri svo, við, að einhver ókunnugur tæki hann upp, fór hann hagar að öllu; hann strauk með mestu nákvæmni um allt andlit ókunna mannsins og svipur hans lýsti sterkri eptirtekt. hað var eins og hann sæi með fingurgómunum.

Hann var að eðlisfari fjörugt og greint barn. En eptir því sem mánuðunum fjölgaði, brá blindan greinilegri bla á geðslag drengsins. Fjörið minnkaði, hann fór að fela sig í skotum og þannig sat hann stundum tímum saman, An þess að depla augunum og bærði ekki á sér, einsog hann stæði á hleri. hað var einsog hann væri sokkinn í djúpar hugsanir, þegar allt var hljótt í stofunni og engin hljóð vöktu athygli hans og brá það undarlegum svip á alvarlega barnsandlitið.

Maxím frændi renndi grun í, hvað um vri að vera. hað var að korna í ljós, bye afar áhrifan emar taugar drengsins voru og óvanaleg skerpa heyrnar og tilfinningar batti að nokkru leyti úr göllunum á andlegu skilningshæfi hans. Allir furðuðu sig á því, hvað tilfinning hans var óvenju nam. Stundum var eins og hann gæti greint liti, með því að þreifa á þeim. Ef hann af hendingu fjekk mislita pjötlun í hendurnar, fór hann fingrum um hana hagt og hagt, lengi, lengi, og kom þá á hann undrunarsvipur. Smátt og smátt korn það þó skýrar í ljós að það var einkum heyrnin, sem leiddi sálarhæfileika hans til frekari kroska.

Áður en á löngu leið, gat hann lekka herbergin hvert frá öðru á hljóðinu einu. Heimilisfólkið lekti hann að á fótatakinu. Maxim frænda lekti hann á marrinu í stólnum hans; hann kannaðist vel via veika núningshljóðið í

tvinnanum, legar móðir hans var að sauma, og tilbreytingarlausu tístið í klukkunni. Þegar hann staulaðist fram með tilinu, nam hann stundum allt í elnu stað og hleraði af öllum lífs og sálar kröptum eptir einhverju örveiku klóri, sem enginn annar heyrði, – og svo fálmaði hann með litlu lúkunum og reyndi að ná f flugu, sem skreia um veggfóðrið. Þegar svo flugunni brá via og hún flaug á brott, setti drengurinn upp raunalegan undrunarsvip. Til að byrja með, gat hann ekki áttað sig á tessu dularfulla hvarfi flugunnar, en hann sneri sjer með athyglissvip í PA Att, sem flugan hafði flogið, og Mara hafði næma heyrnin hans orðið vör við lága hljóðið af hinum ljetta vængjatyt.

Svo var sem mótaður væri í andlitsfalli hans svipblær hljóm- og litbreytinga. Hann hnyklaði brýrnar og laut höfði fram lítið eitt, hálsinn var mjór en nokkuð langur og á fallegu, starandi augunum var alvörulrunginn, en jafnframt átakanlega innilegur blær.

Drengurinn var nú nærri lrevetur. Fann hafði nærri 1vá alltaf verið heilsutæpur og fjekk tess vegna lítið að fara út. En nú var honum farið að batna, tegar snjórinn bráðnaði á götunum og vorvindarnir fóru að blása.

Sumargluggar voru settir á loptherbergin og vor-ið naut sin hálfu betur í stofunni en áður. Sólin gægðist brosandí inn um gluggann og beykigreinar, sem enn voru laufvana, blöktuðu í sólskininu fyrir hægum, andvaranum. Í fjarlægð grillti í grá-svart akurlendi með hvítum deplum hjer og huar af hálfbráðnum snjó og sumstaðar þegar aktar smágerðri, grænni ábreiðu úr nýgræðingnum.

Öllu varð (jettara um andardráttinn. Vorhugi og sólskinsgleði fyllti allt og alla nýjum fögnuði óg 11fsgleði.

Blinda barnið varð vart við komu vorsins aðeins á hljóðbreytingum heim og hljóðskiftum, er hún hafði í för með sjer. Eptir því sem sólin bræddi smátt og smátt klakaströnglana, sem hjengu niður af þakbrúnunum, heyrði

drengurinn. dropa eptir dropa hrynja til jarðar með lágu glamurhljóði, er rann saman við hvískur beykigreinnanna úti í garð-inum. Endrum og sinnum rauf vængjaþytur trönnunar, sem sveimaði hátt í lopti, þessa veiku, björtu hljóma, – svo varð hann daufari og ógreinilegri og dó loksinn út í fjarska.

Drengurinn hleraði af öllum mætti, dró saman augabryrnar, eins og hann keiindi sársauka, og teygði höfuðið fram, þangað til hann allt í elnu breiddi út faðminn móti móður sinni, utan við sig af þessum nýju hljóðum, sem án afláts bar í eyru honum, flýtti sjer til hennar og grúfði sig við brjóst hennar.

»Hvað skyldi geta gengið að honum?« spurði Anna, bæði sjálfa sig og aðra.

Maxim frændi horfði með athygli á barnið, en gat ekki gert sjer grein fyrir því, hvað þessum kyn-legu skapskiptum myndi valda.

»Hann skilur eflaust ekki allt hetta nýja,« sagði Anna loksins, þegar hún þóttist skilja pennan hálf-veiklulega svipblæ á andliti drengsins, er virtist benda á það, að hann langaði til að spyrja einhvers, sem hann gat ekki látið á ljós, hvað væri.

Drengurinn var ekki með sjállum sjer. Ýmist reyndi hann með þessu einkennilega fjöri sánu að gera sjer grein fyrir þessum nýju hljóðum, eða hann furðaði sig á því, að gömlu hljóðin, sem voru góðkunningjar hans, voru allt á einu þögnuð og virtust horfin eitthvað út á buskann.

Það var ráðið af að fara með drenginn með sjer út á bersvæði, út á árbakkann, sem var Par skammt frá.

Anna leiddi hann við hönd sjer og Maxim frændi staulaðist áfram á hækjunum sínum við hlið þeirra. Á árbakkanum var dálátill bali, og sól og vindur höfðu hjálpast að því að purka hann. hangað var ferðinni heitið.